



Pingmannatillaga um hafnsöguskyldu í Eyrarsundi

Tillaga

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Svíþjóðar og Danmerkur um

að vinna að alþjóðlegu samstarfi um umhverfis- og umhverfisöryggismál varðandi skipaferðir í Eyrarsundi

að vinna að umhverfisvottun fyrir skipafélög með meðal annars viðmiðum um öruggar siglingar um Eyrarsund og tilkynna ríkisstjórnunum um þetta

Aðdragandi

Í dag er Eyrarsund ein af fjölförnustu siglingaleiðum Norður-Evrópu og þar eiga um það bil 40.000 skip leið um á ári. Umferðin er veruleg á tiltölulega afmörkuðu svæði. Engin stórslys hafa orðið fram að þessu, en það er í sjálfu sér engin trygging fyrir því að svo verði til frambúðar. Við getum ekki setið með hendur í skauti og treyst því að æðri máttarvöld komi í veg fyrir sjóslys um ókomna framtíð. Slysavarnir krefjast þess að við séum forvirk og íhugum hvaða aðgerðir og bætur þurfi í dag til að efla öryggi í framtíðinni.

Vandinn er sá að möguleikar á að tryggja skipaumferð um Eyrarsundið eru takmarkaðir. Til að breyta reglugerðum sem í gildi eru nægir ekki að Svíar og Danir eða Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin nái samkomulagi. Sá samningur, auk Hafréttarsáttmála Sp, sem gildir um siglingaleiðir um Eyrarsund er 150 ára gamall.

Það skapar vandamál þegar sá heimur, þau skip og farmur sem samningurinn frá 1857 kveður á um eru löngu horfin. Samt lifir samningurinn enn góðu lífi og þar stendur meðal annars að eigi sé hægt að krefjast hafnsöguskyldu í Eyrarsundi. Væri hafnsögu krafist um sunðið drægi það úr slyshættu, en krafan bryti í bága við skilmála sáttmálans.

Alþjóðasiglingamálastofnunin yrði að fjalla um og samþykkja allar breytingar á samningnum, en hún er undirstofnun SP sem fer með siglingar og siglingaöryggi.

Alþjóðasiglingamálastofnunin mælir að vísu með að tankskip sem flytja olíu, gas, efnavörur eða geislavirk efni leiti eftir hafnsögu á siglingum sínum um sundið. En aðeins er um meðmæli að ræða og því fer fjarri að allir fylgi þeim.

Í dag getur farmur eins skips náð að menga sjó og strandsvæði og skapa aðra hættu fyrir íbúa á Eyrarsundssvæðinu. Þá áhættu verðum við að búa okkur undir þrátt fyrir að sáttmálinn sníði okkur þröngan stakk.

Enginn hyggst hefta siglingar um Eyrarsund, enda mikilvægt að leggja ekki hömlur og gjöld á fríverslun, heldur auka siglingaöryggi fyrir umhverfið og íbúa.

Norðurlöndin þurfa að vinna að því að skoða hvernig megi þróa Eyrarsundssvæðið og aðlaga það hættum dagsins í dag og til frambúðar. Raunveruleiki nútímans er töluvert frábrugðinn aðstæðum sem réðu fyrir 150 árum. Ein leið væri að gera viðauka við sáttmálann sem heimilaði betri áhættustjórn á sviði umhverfis- og heilbrigðismála en raunin var þegar sáttmálinn var gerður. Vissulega er um mikla, flókna og langvarandi vinnu að ræða, en einhver verður að hrinda verkinu af stað.

Aðkallandi er að tryggja siglingaöryggi áður en endurskoðun sáttmálans lýkur eða sérstökum umhverfisákvæðum hefur verið bætt við hann. Á meðan beðið er eftir endurskoðun sáttmálans mætti því koma á umhverfisvottun í skipaútgerð þar sem vottunarkrafa skuldbindi skipafélög til að leita eftir hafnsögu fyrir skip sem sigla með olíu-, gas- og efnavöru um Eyrarsund. Tilgangurinn ætti að vera að skipafélögin sæju sér hag í að óska eftir hafnsögu.

Stokkhólmi, 26. september 2016

Bengt Morten Wenstøb (H)
Bente Stein Mathisen (H)
Brynjar Níelsson (Sj)
Elín Hirst (Sj)
Hans Wallmark (M)
Heidi Nordby Lunde (H)
Juhana Vartiainen (Saml)
Lars-Arne Staxäng (M)

Lena Asplund (M)
Michael Tetzschner (H)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Susanna Koski (Saml)
Sylvi Graham (H)
Thomas Finnborg (M)
Wille Rydman (Saml)

Norðurlandaráð

A 1701/hállbart

Flytjandi:
Flokkahópur hægrimanna

Afgreiðsla:
Norrena sjálfbærninefndin

Málsnúmer: 16-00287-3